



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 7. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013

**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ

**Hvenær:** Miðvikudagur 31.10.2012 kl. 17:30

**Þátttakendur:** Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) formaður  
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)  
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður  
Höskuldur Höskuldsson (HH)  
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)  
Ingi Geir Sveinsson (IGS)  
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður

**Boðuð forföll:** Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður  
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** HRS

|   |
|---|
| <b>Helstu mál:</b> Heimsmeistarmót 2013, Innheimtumál/Mótamál, ECC2014, Dómaramál, Önnur mál. |
|---|

## Dagskrá fundarins:

### 1. Heimsmeistaramót karlalandsliða 2013:

IGS óskaði eftir því að stjórn samþykkti tillögu frá landsliðsnefnd, en landsliðsnefnd samþykkti að leggja til við stjórn að senda landslið karla á Heimsmeistaramót landsliða 2013 sem fram á að fara í Las Vegas seinnipart ágúst 2013 og samþykkti stjórn tillöguna samhljóða. Einnig var rætt um hvernig hægt er að aðstoða landsliðsmenn við fjármögnun á ferðakostnaði og landsliðnefnd falið að vinna að því máli áfram.

### 2. Innheimtumál/mótamál:

ÞMÞ fór yfir stöðu á innheimtu mótsgjalda sem innheimta átti í Íslandsmóti í tvímenningi 2012, en þar sem posa vantaði á mótstað í upphafi móts gátu keppendur ekki greitt fyrir mótið. Mótanefnd er falið að sjá um að senda keppendum upplýsingar um hvernig þeir geta gengið frá greiðslu og einnig skal mótanefnd hafa þessi mál í lagi framvegis.

### 3. ECC2014:

ÞMÞ sagði frá því að búið er að undirrita samning við ETBF um Evrópumót landsmeistara 2014 sem haldið verður á Íslandi, og unnið er að samningi við eigendur Keiluhallarinnar um þeirra aðkomu að mótinu. Stofna þarf vinnuhóp sem vinna skal að undirbúningi fyrir mótið og einnig þarf að senda menn á ECC 2013 til að kynna sér hvernig standa skal að framkvæmd og undirbúningi mótsins.

### 4. Dómaramál:

Í umræðu um dómaramál kom fram hjá ÞMÞ að lítið hafi gerst í þeim málum síðan á formannafundi sem haldinn var í síðasta mánuði. LHM lagði til að settar yrðu skýringar inná vefsíðu KLÍ til að upplýsa keppendur um hvernig staðan er í dómaramálum og var það samþykkt.

### 5. Önnur mál:

ÞMP lagði fram styrkbeiðnir frá þremur leikmönnum vegna þátttöku þeirra í mótum erlendis, en Guðlaugur Valgeirsson og Arnar Davíð Jónsson óskuðu eftir styrk vegna þátttöku í Norwegian Open sem er hluti af Evrópumótaröðinni og Hafþór Harðarson óskaði eftir styrk vegna þátttöku hans í PBA móti sem fram fer í Las Vegas í nóv. 2012. Stjórn samþykkti styrkbeiðnir samhljóða.

ÞMP fór yfir hvernig staðan er á uppgjöri vegna þátttöku landsliða á mótum erlendis og þar kom fram að eftir er að klára vinnu við þessi uppgjör. IGS skýrði frá því hvernig staðan væri og hvað þyrfti að gera til að hægt sé að ljúka þessu uppgjöri. ÓPV ætlar að funda með bókara KLÍ til að klára þessa vinnu.

Uppgjör vegna Utandeildar 2011-12 er ekki lokið og enn eiga fjögur lið eftir að greiða þátttökugjald fyrir síðasta tímabil. ÓPV mun útbúa reikninga fyrir þessi lið og senda á þau.

ÓPV skýrði frá skaðabótakröfu sem barst frá Birni Guðgeiri Sigurðssyni, en þar óskar Björn eftir því að KLÍ bæti honum þann skaða sem hann hefur orðið fyrir vegna úrskurðar Aganefndar á síðasta leikári. ÓPV sagði frá samskiptum sínum við lögmann Björns og að hann hafi tjáð honum að krafan færi fyrir fund hjá KLÍ. Stjórn samþykkti að hafna þessari kröfu og var ÓPV falið að svara lögmanni Björns.

ÓPV kom því á framfæri að vegna anna ætti hann erfitt með að sinna störfum gjaldkera eins og þarf og vill því að einhver taki að sér þá vinnu. ÞMP sagði frá því að hann hafi rætt við aðila sem gæti tekið að sér að sjá um störf gjaldkera að hluta og var samþykkt að ÞMP fái þann aðila til samstarfs. ÓPV mun sitja áfram í stjórn sem gjaldkeri.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:50.

Næsti fundur er verður á sama stað 14. nóv. kl. 17:30.